

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála,  
Borgartúni 1, Höfðaborg,  
105 Reykjavík.

22. ágúst 2024

## KÆRA og stöðvunarkrafa

Undirrituðum lögmanni hefur verið falið að leggja fram kæru þessa til úrskurðarnefndarinnar.

Kærandi eru Náttúrugrið, kt. 490721-0960, Bergþórugötu 17, Reykjavík, almannasamtök á sviði líffræðilegs og jarðfræðilegs fjölbreytileika.

Hin kærða ákvörðun var tekin í gær af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, í kjölfar úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 60/2024 og er að flestu leyti sama efnis og sú ákvörðun sem ógilt var fyrir réttum tveimur vikum af nefndinni með úrskurði í því máli, sjá fundargerð með nýrri leyfisveitingu í gær. [Sveitarstjórn - 49. fundur - 21.08.2024 | Skeiða- og Gnúpverjahreppur \(skeidgnup.is\)](#)

Um er að ræða efnistöku í þjóðlendu austan Búrfells. Leyfishafi er sá sami og í fyrrgreinda málinu. Leyfi var ógilt af úrskurðarnefndinni 8. ágúst 2024.

Krafist er ógildingar hinnar nýju ákvörðunar og byggt er á öllum sömu málsáastæðum og lagarökum og fram komu af hálfu kæranda í máli nr. 60/2024, efnismagn er nokkurn vegin það sama að hámarki en leyfistími lengri. Ekki er fjallað um rannsóknir eða tilraunir líkt og var í áður ógilttri ákvörðun. Ranglega er fullyrt í kærðri ákvörðun að Orkustofnun fari ekki með veitingu leyfa skv. auðlindalögum, en hér er um þjóðlendu að ræða. Rangleg er fullyrt í kærðri ákvörðun að leyfisveiting forsætisráðuneytis liggir fyrir lögum samkvæmt, líkt og kærandi rakti í máli nr. 60/2024.

Krafist er **tafarlausrar** stöðvunar framkvæmda með sömu rökum og í máli nr. 60/2024.

Atvik liggja þegar fyrir í máli nr. 60/2024.

Að öðru leyti er vísað til málsraka og gagna í máli nr. 60/2024.

Virðingarfyllst,  
f.h. Náttúrugriða



Sif Konráðsdóttir, hrl.